




Hugtakaskrá

Hugtakaskrá

Byggt á AACE® International – Recommended Practices No. 10S-90

Cost Engineering Terminology Rev May 2021,

útgáfu frá 7. ágúst 2020

Formáli

Hugtakaskráin er samræmt verklag SI, þ.e. hún skilgreinir þau hugtök sem SI ráðleggur að verði notuð við flokkun og skráningu/útlistun forsendna kostnaðaráætlana á Íslandi.

Hugtakaskráin nær einungis til hluta þeirra hugtaka sem skilgreind eru í AACE® International Recommended Practice No. 10S-90

„COST ENGINEERING TERMINOLOGY“ (Rev. May 27, 2021)

auk örfárra annarra sem eiga sér annan uppruna.


Þýðingin er samhliða, þ.e. enski textinn sem liggur til grundvallar er sýndur til hliðar við hana.

Efnisyfirlit

„aðferðafræði“	“methodology”	6
„aðgerð“	“task”	7
„aðrar forsendur“ eða „ályktanir“	“assumptions”	7
„skilagögn“ eða „verkgögn“	“deliverable”	7
„hagsmunaaðili“	“stakeholder”	8
„áhættupáttaskrá“	“risk register”	8
„ákvæði“	“requirement”	8
„árangur fjárfestingar“	“capital effectiveness”	8
„áttatíu – tuttugu reglan“	“eighty-twenty rule”	9
„áætlun“	“estimate”	9
„eignfærður (langtíma)kostnaður“	“capitalized cost”	9
„einingarkostnaður“	“unit cost”	10
„einingarverð“	“unit price”	10
„einingarverðskrá/tilboðsskrá“		10
„fjárfestingarverkefni“/ „bókfært verkefni“	“capital project”	10
„flokkunarkerfi kostnaðaráætlana“	“cost estimate classification system”	10
„forsendur“	“basis”	14
„heildarstjórnun kostnaðar“	“total cost management” “(TCM)”	14
„heildarverkáætlun“	“master schedule”	14
„kostnaðaráætlun“	“cost estimate”	15
„kostnaðareftirlit“/„kostnaðargát“	“cost control”	15
„kostnaðarforsendur“	“cost basis”	15
„kostnaður“	“cost”	15
„magnskrá“	“Bill of Quantities” “BoQ”	16
„ófyirséð“	“contingency”	16
„samræmt verklag“ „SV“	“recommended practice” “RP”	17
„samkeppnishæfni“	“competitiveness”	18
„samanburður“	“benchmarking”	18
„spá“	“forecast”	18
„verkáætlun“	“schedule”	19
„varasjóður“	“management reserve”	19
„verkefnisáætlun“/„verkefnishandbók“	“project plan”	20
„verkefnisgögn“	“project data”	20
„verkliður“	“activity”	20

„verktre“	“work breakdown structures” “WBS”	20
„viðbætur“	“allowances”	21
„vikbil“	“confidence interval”	21
„vikmörk“	“accuracy range”	22
„vissustig“	“confidence level”	22
„umfang“/„umfang verkefnis“	“scope” / “project scope”	22
„undantekningar“	“exceptions”	23
„útgjaldaáætlun“/ „fjárveiting“	“budget”	23
„þroskastig“	“maturity level”	23

Skýringarmynd kostnaðarhugta



*Allur kostnaður frá fyrstu hugmynd þar til mannvirki er tekið í notkun, ** Allur kostnaður sem talin er upp í magnskrá, *** Allur kostnaður sem áætlað er að greiða verktaka

Hugtök á skýringarmynd eru ekki öll skilgreind í 10S-90.

Hugtakaskrá

Íslenska / Enska

„aðferðafræði“

Sú aðferðafræði sem beitt er við gerð áætlunar.

Forsendur kostnaðaráætlunar ættu að gera grein fyrir helstu aðferðum sem beitt er við hana. Hún ætti að innihalda skráningu á nýtingu kostnaðarheimilda, sögulegra gagna og verkefna til samanburðar. Einnig er mælt með skráningu á framlaginu eða vinnustundum sem fóru í gerð áætlunarinnar.

“methodology”

Hugtak ekki skilgreint í 10S-90, sjá Forsendur áætlunar;

The BOE should indicate the primary estimating methodology used to prepare the cost estimate. This should include documentation of the use of cost resources, historical data and project benchmarking. Documenting the level of effort or man-hours used in preparation of the estimate is also recommended.

„aðgerð“

- (1) Samofin sérstæð eining vinnu sem er hluti heildarvinnunnar sem nauðsynleg er til að ljúka verkefni.
- (2) Vel skilgreindur íhluti verkefnisvinnu, framleiðslu-mælanlegur **verkliður**. Jafnan er fjöldi aðgerða að baki hverjum **verklið**.

“task”

- (1) A cohesive, individual unit of **work** that is part of the total **work** needed to accomplish a **project**.
- (2) Well-defined component of **project work**; discrete **work item**. There are usually multiple **tasks** for one **activity**. (June 2007)

„aðrar forsendur“ eða „ályktanir“

Ályktanir sem dregnar eru við gerð áætlunar og verða þannig hluti af forsendum hennar. Auk þess forsendur sem ekki er gert grein fyrir á annan hátt.

Hverja aðra **ályktun** sem gerð er af áætlunaraðilanum og ekki er skráð annarsstaðar í **forsendum áætlunarinnar** ætti að tilgreina undir „**ályktunum**“. Slíkar **ályktanir/aðrar forsendur** gætu innihaldið sem dæmi að nægjanlegt framboð vinnuafls sé til staðar, aðgengileg nægjanleg fjármögnun, svæðisaðstæður o.s.frv. Minni háttar **ályktun** getur á síðari stigum verkefnis orðið meiri háttar **ályktun** og því ráðlagt að skrá allar **ályktanir** óháð væntum áhrifum þeirra.

“assumptions”

Hugtak ekki skilgreint í 10S-90, sjá Forsendur kostnaðaráætlunar;

Any other **assumptions** made by the estimator but not documented elsewhere in the **estimate** basis should be included in this section. This may include such **assumptions** as an adequate labor supply being available, adequate funding available, site conditions, etc. Minor **assumptions** may become major **assumptions** throughout the life of the project; therefore, it is recommended to document all **assumptions** regardless of their anticipated impact.

„skilagögn“ eða „verkgögn“

- (1) Skýrsla eða vara eins eða fleiri aðgerða sem uppfyllir eitt eða fleiri markmið og verður að skila til að uppfylla samningsbundin ákvæði.
- (2) Annað heiti yfir vöru, þjónustu, ferla eða **áætlanir** sem búnar eru til sem afleiðing verkefnis. Verkefni sem jafnan samanstendur af framvindu sem og lokaafurðum.

“deliverable ”

- (1) A report or **product** of one or more **tasks** that satisfy one or more objectives and must be delivered to satisfy contractual requirements.
- (2) Another name for **products**, services, **processes**, or **plans** created as a result of doing a **project**. A **project** typically has interim as well as final **deliverables**. (June 2007)

„hagsmunaaðili“

Ákvörðunaraðilar, einstaklingar eða samtök sem geta haft áhrif eða orðið fyrir áhrifum vegna ákvörðunar.

“stakeholder”

*Decision makers, people or organizations that can affect or be affected by a decision.
(December 2011)*

„áhættupáttaskrá“

Skrá greindrar áhættu sem jafnan inniheldur viðbótarsamantektarupplýsingar um mat, meðhöndlun og stjórnun áhættunnar, mögulega á grundvelli umfangs og/eða gæða.

“risk register”

A formal record of identified risks, typically including additional summary information as regards assessment, treatment and control of the risks. The content may be qualitative, quantitative or both. See also: RISK BREAKDOWN STRUCTURE (RBS); RISK IDENTIFICATION. (December 2011)

„ákvæði“

- (1) Mótuð ósk um einkenni vöru, ferils eða þjónustu. Einkenni er efnislegur eða efnafræðilegur eiginleiki, stærð, hitastig, þrýstingur eða hvaða önnur skilgreining sem notuð er til að skilgreina eðli vöru, ferlis eða þjónustu.
- (2) Umsamið mengi mælanlegra langana og þarfa kaupanda.

“requirement”

- (1) *An established request characteristic of a product, process, or service. A characteristic is a physical or chemical property, a dimension, a temperature, a pressure, or any other specification used to define the nature of a product, process or service.*
- (2) *A negotiated set of measurable customer wants and needs.*
-

„árangur fjárfestingar“

Með hvaða hætti kerfi **fjárfestingarverkefnis** styður árangur markmiða starfseminnar, t.d. arðsemi. Sjá einnig: samkeppnishæfni.

“capital effectiveness”

*The degree to which a **capital project** system supports achievement of the enterprise’s objectives (e.g., profitability). See also: competitiveness. (November 2020)*

„áttatíu – tuttugu reglan“

Tölfræðiregla nefnd eftir ítalska hagfræðingnum Vilfredo Pareto sem uppgötvaði að 80% auðæfanna á Ítalíu voru undir forsjá 20% af þjóðinni. Við kostnaðarstjórnun er algengt að þetta hlutfall sé notað til að lýsa stöðunni þegar lítill hluti aðgerða eða verkliða mynda ráðandi hluta kostnaðar.

“eighty-twenty rule”

A statistical principle named after Italian economist Vilfredo Pareto, who observed that 80% of the wealth in Italy was controlled by 20% of the population. In cost management, it is commonly used to describe the situation where a small subset of cost items, activities, and so on, are the source of most of the total cost, duration, etc. Syn.: PARETO'S LAW. (December 2011)

„áætlun“

Mat eða spá um nauðsynleg aðföng, s.s. tíma, kostnað, efni o.fl. til að ná umsömdum umfangi, þ.e. fyrir fjárfestingu, verklið, verkefni o.s.frv. Sjá einnig kostnaðaráætlun og spá.

“estimate”

A prediction or forecast of the resources (i.e., time, cost, materials, etc.) required to achieve or obtain an agreed upon scope (i.e. for an investment, activity, project, etc.). See also: COST ESTIMATE; FORECAST. (May 2012).

„eignfærður (langtíma)kostnaður“

(1) Núvirði einsleitra raða tímabilskostnaðar sem er samfelldur út í það óendanlega, ímyndaðan óendanleika.

(2) Virði á öllum útgjöldum á kaupdegi eignarinnar sem munu eiga sér stað vegna hennar yfir óendanlegt tímabil. Þennan kostnað má einnig álíta sem summu fjármagnsins sem, ef fjárfesting í sjóði með ákveðna ávöxtun, væri nægjanleg til að sjá fyrir öllum nauðsynlegum greiðslum til að viðhalda eigninni í þjónustu um ókomna tíð.

“capitalized cost”

(1) *The present worth of a uniform series of periodic costs that continue for an indefinitely long time (hypothetically infinite).*

(2) *The value at the purchase date of the asset of all expenditures to be made in reference to this asset over an indefinite period of time. This cost can also be regarded as the sum of capital which, if invested in a fund earning a stipulated interest rate, will be sufficient to provide for all payments required to maintain the asset in perpetual service. (November 1990)*

„einingarkostnaður“

Kostnaður skilgreindrar einingar, vöru eða þjónustu. Einingarkostnaður einstakra liða byggir upp **einingarverð**.

“unit cost”

The cost of a given unit of a product or service.

„einingarverð“

Verð einingar, vöru eða þjónustu sem tilgreint er í samningsgögnum. Einingarverð helst óbreytt um skilgreindan tíma nema kveðið sé á um annað í samningsgögnum.

“unit price”

hugtak ekki skilgreint í 10S-90

„einingarverðskrá/tilboðsskrá“

Magnskrá þar sem einingarverð hefur verið fært inn fyrir hvern lið/greiðslulið hennar. Einingarverðskrá er jafnan notuð í magnsamningum til framvinduppgjörs, þ.e. framkvæmt magn innan framvindutímabils margfaldað með viðkomandi einingarverði greiðsluliðar nema sérstök ákvæði gildi.

„fjárfestingarverkefni“/„bókfært verkefni“

Verkefni þar sem kostnaður niðurstöðu eða afurðar er færður til eignar, þ.e. kostnaður verður afskrifaður. Afurðin er jafnan efnisleg eign svo sem land, húseign eða innviður en getur innifalið annar skonar eignir sem má afskrifa.

“capital project”

A project in which the cost of the end result or product is capitalized (i.e., cost will be depreciated). The product is usually a physical asset such as property, real estate or infrastructure, but may include other assets that are depreciable. (June 2007)

„flokkunarkerfi kostnaðaráætlana“

Flokkunarkerfi kostnaðaráætlana sem aðallega tekur mið af þroskastigi skilgreininga verkefnis. Flokkunarkerfin eru nokkur og tekur hvert þeirra mið af þeirri sérstöðu sem svið þeirra nær til, þ.e. hvort um framleiðslu, nýbyggingu, mannvirki eða önnur svið er að ræða.

Fjöldi eiginleika er hægt að nota til að flokka gerðir kostnaðaráætlana verkefna. Nokkrir þessara eiginleika eru: staða verkefnisskilgreininga og notkun áætlunarinnar, aðferðafræði áætlunarinnar og framlag og tími sem er nauðsynlegur við gerð hennar. Ráðlagt er að megineinkennið sem notað er til að skilgreina flokkun efnisflokka sé stig verkefnisskilgreininganna. Önnur einkenni eru álitin léttvægari, annars stigs.

Verkefnisskilgreiningarstigið skilgreinir þroska eða umfang og gerð aðgengilegra forsenduupplýsinga fyrir áætlunarferlið. Þess háttar forsendur innifela skilgreiningar umfangs verkefnis, forsendugögn, skilgreiningar verkefnis-áætlanir, mæligögn og aðrar afurðir og upplýsingar sem verður að útbúa til að skilgreina verkefnið. Hvert iðnaðar-/fagsvið mun hafa einkennandi sett af skilgreinandi skilagögnum sem notuð eru til að styðja þær gerðir áætlana sem notaðar eru innan þess iðnaðar-/fagsviðs. Sett skilgreininganna verða ítarlegri og heilstæðari eftir því sem stig verkefnisskilgreininga (t.d. verkfræðihönnun) vindur fram.

Verkefnin skiptast í áætlunarflokka frá 5 og niður í 1. Áætlun í flokki 5 er byggð á lægsta stigi verkefnisskilgreininga og flokkur 1 er næstur fullskilgreindu og fullþroskuðu verkefni. Þessi „niðurtalningarnálgun“ gengur út frá því að áætlunargerð sé ferli þar sem röð áætlana er gerð uns ferlinu lýkur með lokaáætlun.

1. Áætlunarflokkur 5 (einkennandi stig nauðsynlegra verkefnisskilgreininga: > 0% til 2% af fullskilgreindu verkefni).

Áætlanir í flokki 5 eru alla jafna gerðar á grundvelli mjög takmarkaðra upplýsinga og hafa því mjög víð vikmörk. Vegna þess hafa sum fyrirtæki og stofnanir ákveðið að þær áætlanir geti ekki flokkast með hefðbundnum eða kerfisbundnum hætti þar sem innbyggð ónákvæmni er til staðar. Áætlanir í flokki 5 má útbúa á skömmum tíma og með litlu framlagi vegna ætlaðra nota. Þær eru gerðar í margþættum stefnumótandi tilgangi vegna viðskiptaþróunar sem dæmi en ekki takmarkað við markaðsathuganir, mat á upphafsáreiðanleika, mat á valmöguleikum, útilokun verkefna, staðarvalsathuganir, mat á þörf aðfanga og útgjalda, langtímafjárfestingaráætlana o.s.frv.

2. Áætlunarflokkur 4 (einkennandi stig nauðsynlegra verkefnisskilgreininga: 1% til 15% af fullskilgreindu verkefni).

Áætlanir í flokki 4 eru alla jafna gerðar á grundvelli takmarkaðra upplýsinga og hafa því til þess að gera víð vikmörk. Þær eru almennt notaðar til síunar á verkefnum, hagkvæmni ákvarðana, mats á hugmyndum og samþykkis á útgjöldum. Áætlanir í flokki 4 eru gerðar í margþættum tilgangi og eru ekki takmarkaðar við nákvæma stefnumótunar-/áætlunargerð, viðskiptaþróun, til síunar betur þróaðra verkefna, valkostagreiningu, staðfestingar á fjárhagslegri og/eða tæknilegri hagkvæmni og samþykkis útgjaldaáætlunar eða samþykkis til að halda áfram á næsta stig.

3. Áætlunarflokkur 3 (einkennandi stig nauðsynlegra verkefnisskilgreininga: 10% til 40% af fullskilgreindu verkefni).

Áætlanir í flokki 3 eru alla jafna gerðar til að móta grunn útgjaldaheimilda og/eða fjármögnunar. Áætlanir í þessum flokki eru oftast gerðar til stuðnings umsókn um fulla fjármögnun verkefnis og verður fyrsta útgáfa viðmiðunaráætlunar sem allur raunkostnaður og aðföng verða borin saman við gagnvart breytingum á útgjaldaáætluninni. Þær eru notaðar sem útgjaldaáætlun verkefnisins þar til nákvæmari áætlanir koma í stað þeirra. Hjá fjölda verkkaupa kunna áætlanir í flokki 3 að vera síðasta áætlunin sem krafa er um og gæti orðið eini grunnur kostnaðar-/verkáætlanaeftirlits.

4. Áætlunarflokkur 2 (einkennandi stig nauðsynlegra verkefnisskilgreininga: 30% til 75% af fullskilgreindu verkefni).

Áætlanir í flokki 2 eru jafnan útbúnaðar sem nákvæm viðmið sem allar framkvæmdir verkefnis eru bornar saman við, kostnaður og framvinda. Fyrir verktaka er þessi áætlunarflokkur gjarnan notaður sem tilboðsáætlun sem myndar verð samnings.

5. Áætlunarflokkur 1 (einkennandi stig nauðsynlegra verkefnisskilgreininga: 65% til 100% af fullskilgreindu verkefni).

Áætlanir í flokki 1 eru alla jafna gerðar fyrir sérstaka hluta heildarverkefnisins en ekki verkefnið í heild sinni. Hlutar verkefnis sem áætlaðir eru af þessari nákvæmni eru alla jafna notaðir af undirverktökum vegna tilboða eða af verkkaupum til skoðunar á áætlunum. Oft er vísað til uppfærðu áætlunarinnar sem núgildandi viðmiðsáætlunar og verður nýja grunnlína kostnaðar-/verkáætlunareftirlits verkefnis. Áætlanir í flokki 1 er mögulegt að útbúa fyrir hluta verkefnis sem áætlun um sanngjarnt verð eða tilboðsathugunaráætlun til samanburðar við tilboðsáætlun byrgja eða verktaka eða til að meta kröfur í ágreiningi eða fyrirskipaðar breytingar.

“cost estimate classification system”

There are numerous characteristics that can be used to categorize project cost estimate types. Some of these characteristics are: level of project definition, and usage of the estimate, estimating methodology, and the effort and time needed to prepare the estimate. AACE recommends that the primary characteristic used to define the classification category is the level of project definition. The other characteristics are considered secondary.

The level of project definition defines maturity, or the extent and types of input information available to the estimating process. Such inputs include project scope definition, requirements documents, specifications, project plans, drawings, calculations, lessons learned from past projects, reconnaissance data, and other deliverables and information that must be developed to define the projects. Each industry will have a typical set of defining deliverables that are used to support the type of estimates used in that industry. The set of deliverables becomes more definitive and complete as the level of project definition (e.g. project engineering) progresses.

For projects, the estimate class designations that follow below are labeled Class 1, 2, 3, 4 and 5. A Class 5 estimate is based upon the lowest level of project definition, and a Class 1 estimate is closest to full project definition and maturity. This “countdown” approach considers that estimating is a process whereby successive estimates are prepared until a final estimate closes the process.

1. Class 5 estimate

(Typical level of project definition required: > 0% to 2% of full project definition.)

Class 5 estimates are generally prepared based on very limited information, and subsequently have wide accuracy ranges. As such, some companies and organizations have elected to determine that due to the inherent inaccuracies, such estimates cannot be classified in a conventional and systemic manner. Class 5 estimates, due to the requirements of end use, may be prepared within a very limited amount of time and with little effort expended. Class 5 estimates are prepared for

any number of strategic business planning purposes, such as but not limited to market studies, assessment of initial viability, evaluation of alternate schemes, project screening, project location studies, evaluation of resource needs and budgeting, long-range capital planning, etc.

2. Class 4 estimate

(Typical level of project definition required: 1% to 15% of full project definition.)

Class 4 estimates are generally prepared based on limited information and subsequently have fairly wide accuracy ranges. They are typically used for project screening, determination of feasibility, concept evaluation, and preliminary (but generally not final) budget approval. Class 4 estimates are prepared for a number of purposes, such as but not limited to, detailed strategic planning, business development, project screening at more developed stages, alternative scheme analysis, confirmation of economic and/or technical feasibility, and preliminary budget approval or approval to proceed to next stage.

3. Class 3 estimate

(Typical level of project definition required: 10% to 40% of full project definition.)

Class 3 estimates are generally prepared to form the basis for budget authorization, appropriation, and/or funding. Class 3 estimates are typically prepared to support full project funding requests and become the first of the project phase “control estimate” against which all actual costs and resources will be monitored for variations to the budget. They are used as the project budget until replaced by more detailed estimates. In many owner organizations, a Class 3 estimate may be the last estimate required and could well form the only basis for cost/schedule control.

4. Class 2 estimate

(Typical level of project definition required: 30% to 75% of full project definition.)

Class 2 estimates are generally prepared to form a detailed control baseline against which all project work is monitored in terms of cost and progress control. For contractors, this class of estimate is often used as the “bid” estimate to establish contract value.

5. Class 1 estimate

(Typical level of project definition required: 65% to 100% of full project definition.)

Class 1 estimates are generally prepared for discrete parts or sections of the total project rather than for the entire project. The parts of the project estimated at this level of detail will typically be used by subcontractors for bids, or owners for check estimates. The updated estimate is often referred to as the current control estimate and becomes the new baseline for cost/schedule control of the project. Class 1 estimates may be prepared for parts of the project to comprise a fair price estimate or bid check estimate to compare against a contractor’s or vendor’s bid estimate, or to evaluate/dispute claims or change orders.

„forsendur“

Skrifuð samantekt sem lýsir því hvernig áætlun, verkáætlun eða aðrar áætlanir voru þróaðar og skilgreinir þær heimildir sem notaðar voru til stuðnings þróuninni. Forsenduskjal innifelur jafnan, en er ekki takmarkað við, lýsingu á umfangi þess sem er til umfjöllunar, aðferðalýsingum, tilvísunum og skilgreinandi gögnum sem notuð eru, ályktunum og útlökunum sem gerðar eru, útlistunum, leiðréttingum og einhverjum vísbendingum um óvissustig.

“basis”

Written documentation that describes how an estimate, schedule, or other plan component was developed and defines the information used in support of development. A basis document commonly includes, but is not limited to, a description of the scope included, methodologies used, references and defining deliverables used, assumptions and exclusions made, clarifications, adjustments, and some indication of the level of uncertainty. (June 2007)

„heildarstjórnun kostnaðar“

Markviss notkun á faglegri og tæknilegri kunnáttu við að skipuleggja og stjórna aðföngum, kostnaði, ábata (ágóða) og áhættu. Í stuttu máli er hún kerfislæg nálgun á að stjórna kostnaði yfir líftíma hvers verkefnis, áætlunar, byggingar, framkvæmdar eða þjónustu. Þessu er áorkað með beitingu grunnreglna kostnaðarverkfræði og kostnaðarstjórnunar, sannreyndri aðferðafræði og nýjustu tækni sem styður stjórnunarferlið. Þetta getur einnig verið álitin summa aðferðanna og ferlanna sem starfsemi notar til að stjórna heildar líftímakostnaði fjárfestinga í safni eigna sinna.

“total cost management” “(TCM)”

*The effective application of professional and technical expertise to plan and control resources, costs, **profitability** and risk. Simply stated, it is a systematic approach to managing cost throughout the life cycle of any enterprise, program, facility, project, product, or service. This is accomplished through the application of cost engineering and cost management principles, proven methodologies and the latest technology in support of the management process. Can also be considered the sum of the practices and processes that an enterprise uses to manage the total life cycle cost investment in its portfolio of strategic assets. (January 2002)*

„heildarverkáætlun“

Samsett verkáætlun sem inniheldur fjölbætt, skyld verkefni eða hluta verkefnis svo megi vakta þau og stjórna sem heild.

“master schedule”

A consolidated schedule incorporating multiple, related projects or parts of a project so that they may be monitored and controlled as a unit. See also: level of schedules, management summary schedule (level 1 schedule). (June 2007)

„kostnaðaráætlun“

Spáin um líklegan kostnað verkefnis eða framlags fyrir tiltekið og skráð umfang, skilgreinda staðsetningu og tilgreindan tíma í framtíðinni.

“cost estimate”

The prediction of the probable costs of a project or effort, for a given and documented scope, a defined location, and point of time in the future.

„kostnaðareftirlit“/„kostnaðargát“

Notkun ferla til að vakta útgjöld og frammistöðu gegnt framvindu verkefnis eða framleiðslu; að mæla frávik frá heimilaðri fjárveitingu og heimila markviss viðbrögð til að lágmarkskostnaður náist.

“cost control”

The application of procedures to monitor expenditures and performance against progress of projects or manufacturing operations; to measure variance from authorized budgets and allow effective action to be taken to achieve minimum costs. (November 1990)

„kostnaðarforsendur“

Sjá „forsendur“ Upplýsingar er varða verðlagningu og verðlag kostnaðarþátta við gerð áætlunar, s.s. varðandi vinnuafli, verð á efni, undirverktöku og önnur aðföng.

“cost basis”

hugtak ekki skilgreint í 10S-90, sjá „basis“

„kostnaður“

Við verkefniseftirlit og í bókhaldi flokkast upphæðin mæld í peningum, eyðslu fjármuna eða tilkominni ábyrgð vegna móttöku vöru og/eða þjónustu sem kostnaður. Frá sjónarhóli **heildarstjórnunar kostnaðar** getur kostnaður innihaldið hvaða ráðstöfun aðfanga í **stefnumarkandi eign** sem er að meðtöldum tíma, peningum og mannlegum og efnislegum aðföngum.

“cost”

*In project control and accounting, it is the amount measured in money, cash expended, or liability incurred, in consideration of goods and/or services received. From a **total cost management** perspective, cost may include any investment of resources in **strategic assets** including time, monetary, human, and physical resources. (January 2003)*

„magnskrá“

Lýsandi magntöluskrá yfir nauðsynleg efni, skilaafurðir, hluti og íhluti til að framleiða tilgreinda fullgerða lokaafurð efnis, samsetningar eða hlutasamsetningar. Innifelur jafnan lýsingu á tengdri „aðferð magntöku“ (magntöku ákvæði).

“Bill of Quantities” “BoQ”

Descriptive and quantitative list of materials, supplies, parts and components required to produce a designated complete end item of materials, assembly, or subassembly. Typically includes a description of the associated “method of measurement. See also: Bill of Materials (BoM), method of measurement. (2007)

„ófyirséð“

(1) Upphæð bætt við áætlun til að annast verkliði, aðstæður eða atvik þar sem ástand, algengi og áhrif eru óviss og reynslan sýnir að muni líklega enda með eða leiða til viðbótarkostnaðar. Jafnan áætlað með tölfræðilegum greiningum eða dómgreind byggðri á eldri eignum eða verkefnisreynslu.

Alla jafna undanskilur ófyirséð:

- a) Meiri háttar breytingar á umfangi svo sem breytingar á skilgreiningu lokaafurðar, getu, stærð bygginga og staðsetningar eignarinnar eða verkefnisins.
- b) Sérstaka viðburði svo sem stórverkföll og náttúruvá.
- c) Varasjóð.
- d) Verðlags- og gjaldmiðilsbreytingar.

Einhverjir verkliðanna, aðstæðnanna eða atvikanna þar sem ástand, algengi og/eða áhrif eru óviss en eru ekki takmörkuð við undirbúnings- og áætlunarvallur, yfirsjónir, minniháttar verðflökt, aðrar en almennar verðlagsbreytingar, hönnunarþróun og breytingar innan umfangsins og breytingar á markaðs- og umhverfisaðstæðum. Almennt er ófyirséð hluti flestra áætlana og út frá því gengið að því verði eytt/ráðstafað. Sjá einnig: **varasjóð**.

(2) Í stjórnun „áunnins virðis“, sbr. staðal EIA 748, er vísað til að ófyirséð sé upphæð utan grunnlínu frammistöðumælinga sem varasjóður fyrir verkkaupa til útjöfnunar kostnaðar vegna stjórnunar á óvissu verkefnis.

(3) Upphæð sjóða eða verktími sem bætt er við grunnáætlunina til að ná tilgreindum líkum á að ekki komi til framúrkeyrslu áætlunarinnar, að því gefnu að umfang verkefnis sé til þess að gera stöðugt. Þegar ófyirséð er við 50% vissustig, eða meðaltalsgildi, af áætluðu líkindadreifingunni sem niðurstaða úr áhættugreiningu er ráð fyrir því gert að því verði eytt/ráðstafað til að ljúka verkefninu eða verkþættinum.

“contingency”

(1) An amount added to an estimate to allow for items, conditions, or events for which the state, occurrence, or effect is uncertain and that experience shows will likely result, aggregated, in additional costs. Typically estimated using statistical analysis or judgement based on past asset or project experience.

Contingency usually excludes:

- a) Major scope changes such as changes in end product specification, capacities, building sizes, and location of the asset or project;*
- b) Extraordinary events such as major strikes and natural disasters;*
- c) Management reserves; and*
- d) Escalation and currency effects.*

Some of the items, conditions, or events for which the state, occurrence, and/or effect is uncertain include, but are not limited to, planning and estimating errors and omissions, minor price fluctuations (other than general escalation), design developments and changes within the scope, and variations in market and environmental conditions. Contingency is generally included in most estimates and is expected to be expended. (See also: Management reserve.)

(2) In earned value management (based upon the EIA 748 Standard), an amount held outside the performance measurement baseline for owner level cost reserve for the management of project uncertainties is referred to as contingency.

(3) An amount of funds or duration that are added to the base estimate to achieve a given probability of not overrunning the estimate, given the relative stability of the project scope. When contingency is established at the 50% confidence level (or mean value) of the estimate probability distribution resulting from a risk analysis, it is expected to be spent to complete the project or activity. (February 2021)

„samræmt verklag“ „SV“

Tillaga að samræmdu verklægi (SV) eru tilvísunargögn um sérstök atriði kostnaðargreininga. SV er þýðing á gögnum AACE® International og eru leiðbeiningar en ekki staðlar. Notendur eru kvattir til að kynna sér recommended practice frá AACE®.

“recommended practice” “RP”

AACE International recommended practices are reference documents on specific areas of cost engineering. Each RP is subject to a rigorous public review process and recommended for use by consensus of subject matter experts and industry practitioners. RPs are guidelines and are not standards. (October 2018)

„samkeppnishæfni“

Með hliðsjón af samanburði, að gæði aðferðanna, ferlanna og/eða aðgerðanna, þ.e. kostnaður, verkáætlanir, ágóði o.s.frv. séu jafn mikil eða betri en samkeppnisverkefnið eða fyrri verkefni. Sjá einnig: samanburður og árangur fjárfestingar.

“competitiveness”

In respect to benchmarking, the quality of practices, processes and/or measures (e.g., cost, schedule, profit, etc.) being as good as or better in comparison to that of competitors or the one's past. See also: benchmarking, capital effectiveness.

„samanburður“

Mælinga- og greiningaaðferð sem ber saman aðferðir, ferla og/eða viðeigandi aðgerðir við þær sem valdar eru sem grunnur samanburðar, með það að markmiði að bæta niðurstöðuna. Grunnur samanburðarins tekur til innri eða ytri samkeppnishæfni eða bestu aðferða, ferla eða aðgerða. Dæmi um aðgerðir eru áætlaður kostnaður, raunkostnaður, áætluð tímalengd, magn aðfanga o.s.frv. Sjá einnig: samkeppnishæfni.

“benchmarking”

A measurement and analysis process that compares practices, processes, and/or relevant measures to those of a selected basis of comparison (i.e., the benchmark) with the goal of improving performance. The comparison basis includes internal or external competitive or best practices, processes or measures. Examples of measures include estimated costs, actual costs, schedule durations, resource quantities, etc. See also: competitiveness.

„spá“

- (1) Áætlun eða spá um framtíðaraðstæður og atvik grunduð á upplýsingum og aðgengilegri vitneskju þegar spáin var gerð.
- (2) Þegar spá er gerð með hliðsjón af aðfangapörf, að teknu tilliti til framtíðar aðstæðna og atvika, er hún samheiti fyrir áætlun.

“forecast”

(1) (An estimate and prediction of future conditions and events based on information and knowledge available at the time of the forecast.

(2) (When in respect to resource requirements, considering future conditions and events, it is a synonym for an estimate.

See also: estimate. (June 2007)

„verkáætlun“

- (1) Lýsing á hvenær má vinna og ljúka hverjum verkþætti verkefnis svo honum verði lokið tímanlega. Einföldustu verkáætlanir sýna á línustöplaformi upphaf og endi verkþátta af tilgreindri tímalengd. Flóknari verkáætlanir, almennt á formi aðferðafræði bundinnar leiðar (CPM), sýna samhengi verkáætlunarinnar, bundnu leiðina og „flot“ í tengslum við hvern verkþátt.
- (2) Tímaröð verkþátta og atburða sem koma á framfæri tímaskrá framkvæmdar. Verkáætlunin skilgreinir innbyrðis upphaf og endi verkþátta og tíma atburða þegar þeir eiga sér stað. Verkáætlun má útbúa á kvarða dagatals eða liðins tíma.

“schedule”

- (1) A description of when each activity in a project can be accomplished and must be finished so as to be completed timely. The simplest of schedules depict in bar chart format the start and finish of activities of a given duration. More complex schedules, general in CPM format, include schedule logic and show the critical path and floats associated with each activity.
- (2) A time sequence of activities and events that represent an operating timetable. The schedule specifies the relative beginning and ending times of activities and the occurrence times of events. A schedule may be presented on a calendar framework or on an elapsed time scale. (June 2007)

„varasjóður“

- (1) Upphæð, með öðrum hætti áætluð, bætt við áætlun til frjálsrar ráðstöfunar stjórnar utan skilgreinds umfangs verkefnisins. Kann að innifela upphæðir sem eru innan umfangsins en stjórn vill ekki fjármagna sem ófyrirséð eða ekki er hægt að stjórna með virkum hætti sem ófyrirséðu.
- (2) Í stjórnun „áunnins virðis“ sbr. staðal EIA 748, upphæð utan grunnlínu frammistöðumælinga, sambærileg við þekkt stig áhættu og tækifæra innan verkefnisins eða sett til hliðar fyrir stjórn í stjórnunarlegum tilgangi. Varasjóður hefur ekkert umfang. Hann er ekki sérstaklega tengdur einstakri áhættu og er ekki tímaafmarkaður. Hann er jafnan ekki áætlun eða umsaminn og er stofnaður í þróunarferli útgjaldaáætlunar.

“management reserve”

- (1) An amount added to an estimate to allow for discretionary management purposes outside of the defined scope of the project, as otherwise estimated. May include amounts that are within the scope, but for which management does not want to fund as contingency or that cannot be effectively managed using contingency. Syn.: reserve, reserve allowance.
- (2) In earned value management according to the EIA 748 standard, an amount held outside the performance measurement baseline, commensurate with the level of risks and opportunities identified by the project or withheld for management control purposes. Management reserve has no scope, is not specifically associated to individual risk, and is not time-phased. It is typically not estimate or negotiated and is created in the budget development process. (May 2021)

„varasjóður í verkefni“

Útgjaldalegar ráðstafanir vegna væntra breytinga á umfangi verkefnis, aðstæðna og upplýstra takmarkana í verkefnissamningnum ásamt heimild vegna mögulegs ófyrirséðs umframkostnaðar.

“project reserve”

Budgetary provision for expected changes in project scope, premises and constraints given in the project agreement also including allowance for a possible but not expected cost overrun.

„verkefnisáætlun“/„verkefnishandbók“

Meginskjalið fyrir verkþætti verkefnis. Það nær til verkefnisins frá upphafi til loka.

“project plan”

The primary document for project activities. It covers the project from initiation through completion. See also: plan. (November 1990)

„verkefnisgögn“

Gögn sem eru undirbúin sem hluti af verkefni og eru nauðsynleg til að vinna verkefnið.

“project data”

hugtak ekki skilgreint í 10S-90

„verkliður“

Aðgerð eða ferli sem tekur til sín tíma og mögulega aðföng nema í undantekningu gerviverkliðar. Verkliður er hluti vinnu sem verður að framkvæma til að ljúka verkefni. Verkliður tekur til sín tíma og kann að vera tengdur aðföngum. Verkliður verður að vera mælanlegur og stjórnanlegur. Verkliður kann að vera samsettur úr einu eða fleiri störfum.

“activity”

An operation or process consuming time and possibly resources (with the exception of dummy activities). An activity is an element of work that must be performed in order to complete a project. An activity consumes time and may have resources associated with it. Activities must be measurable and controllable. An activity may include one or more tasks. See also: task. (June 2007)

„verktré“

(1) Rammi til skipulagningar og niðurröðunar verkþátta sem verkefni samanstendur af. Kerfislæg nálgun til að endurspeglar topp-niður forgangs röðun framleiðslu sem með hverju lækkandi þrepi veitir nákvæmari og minni einingar heildarverksins.

(2) Frá sjónarhóli framleiðslu er það ættartré fyrir vélbúnað, hugbúnað, aðstöðu og aðrir verkliðir sem skipuleggja, skilgreina og sýna öll þau verk sem á að framkvæma svo markmiðum verkefnisins verði náð. Nokkur frábrigði eru sem dæmi:

1. Verktaré, verkefnistré – samantektarverktaré sniðið af verkefnisstjórn að sérstöku verkefni með þeirri viðbót þátta sem eru einstakir fyrir verkefnið.
2. Verktaré, samningstré – verktaré afurða og þjónustu sem leggja á til, sbr. samning. Það samanstendur af völdum þáttum verkefnistrés, prógramms-/verkefnisverktrés, sem eru skilgreindir í samningsskjalinu og frekari sundurliðun verktakans á þessum þáttum.

“work breakdown structures” “WBS”

(1) Framework for organizing and ordering the activities that makes up a project. Systematic approach to reflect a top-down product-oriented hierarchy structure with each lower level providing more detail and smaller elements of the overall work.

(2) A product-oriented family tree division of hardware, software, facilities and other items which organizes, defines and displays all of the work to be performed in accomplishing the project objectives. Some variations include the following:

1. WORK BREAKDOWN STRUCTURE (WBS), PROJECT WORK BREAKDOWN STRUCTURE (PWBS) – A summary WBS tailored by project management to the specific project with the addition of the elements unique to the project.

2. WORK BREAKDOWN STRUCTURE (WBS), CONTRACT WORK BREAKDOWN STRUCTURE (CWBS) – A work breakdown structure of the products or services to be furnished under contract. It is comprised of selected PWBS (program / project WBS) elements specified in the contractual document and the contractor’s lower level extensions of those elements. [7] (October 2013)

„viðbætur“

- (1) Í skipulags- og áætlanagerð, ferli til að dreifa eða merkja vinnu við verklið sérstakra aðfanga.
- (2) Við kostnaðaráætlana- og útgjaldaáætlanagerð, ferli til að dreifa eða merkja kostnað hlutar eða verkþáttar (oft yfir-stjórnunar eða óbeinn kostnaður) sérstökum kostnaðar- eða útgjaldalið.

“allowances”

(1) In planning and scheduling, the process of distributing or assigning work on an activity to specific resources.

(2) In cost estimating and budgeting, the process of distributing or assigning cost of an item or activity (often an overhead or indirect cost) to specific cost or budget accounts. See also: Cost distribution. (June 2007)

„vikbil“

Líkurnar á að niðurstöður verði innan vikmarka.

“confidence interval”

The probability that a result will be within a range. See also: accuracy range; range. (December 2011)

„vikmörk“

Útlistun á spá um nánd áætlunar við endanlegan raunkostnað eða tímalok. Jafnan útlistað sem efri/ neðri hundraðshlutar sem raunniðurstaðan mun verða yfir og undir áætluninni ásamt vikbilinu sem þeir hundraðshlutar standa fyrir.

“accuracy range”

An expression of an estimate's predicted closeness to final actual costs or time. Typically expressed as high/low percentages by which actual results will be over and under the estimate along with the confidence interval these percentages represent. Syn.: range of accuracy. See also: confidence interval; range. (December 2011)

„vissustig“

Líkurnar:

- 1) Að niðurstöður verði eins eða hagstæðari áætluðu eða boðnu upphæðinni.
- 2) Að tekna ákvörðunin muni ná niðurstöðunum sem óskað var.
- 3) Að staðhæfða ályktunin sé sönn.

Athugið: Vissustig má einnig tjá sem „jafnt eða minna hagstætt“. Ef það er tilfellið ætti að skrá það. Án þess háttar skráningar er sýnda skilgreiningin ályktuð.

“confidence level”

The probability:

- 1) *That results will be equal to or more favorable than the amount estimated or quoted; or*
- 2) *That the decision made will achieve the desired results; or*
- 3) *That the stated conclusion is true.*

Note: Confidence level may also be expressed as “equal to or less favorable”. If that is the case, it should so be noted. Without such a note, the definition shown is assumed. (June 2007)

„umfang“/„umfang verkefnis“

Samantekt alls þess sem verður eða hefur verið fjárfest í og skilað með framkvæmd verkþáttar eða verkefnis. Við undirbúning verkefnis er umfangið jafnan skráð, þ.e. umfangsskjalið, en kann að vera munnlegt eða með öðrum hætti komið á framfæri á traustan hátt. Almennt takmarkað við það sem er samþykkt af hagsmunaaðilum, innifalið í verkþætti eða verkefni, þ.e. ekki samþykkt, er „utan umfangs“. Í gerð samninga og innkaupa, allt sem starfsemi er samningslega skuldbundin til að gera og skila.

“scope”/“project scope”

The sum of all that is to be or has been invested in and delivered by the performance of an activity or project. In project planning, the scope is usually documented (i.e., the scope document), but it may be verbally or otherwise communicated and relied upon. Generally limited to that which is agreed to by the stakeholders in an activity or project (i.e., in not agreed to, it is “out of scope”) In contracting and procurement practice, includes all that an enterprise is contractually committed to perform or deliver. Syn.: project scope. See also: de-scope.

„undantekningar“

Þau atvik sem orsaka breytingar á áætlun, svo sem málefni, óskir um breytingar á áhættu. Undantekningar geta einnig átt við um hluti þegar kostnaðarmunurinn og verkáætlunarmunurinn er umfram áður skilgreind viðmið.

“exceptions”

Those occurrences that cause deviation from a plan, such as issues, change requests and risks. Exceptions can also refer to items that the cost variance and schedule variance exceed predefined thresholds. (June 2007)

„útgjaldaáætlun“/„fjárveiting“

Áætluð útteiling aðfanga. Áætluðum kostnaði fyrir nauðsynlegt efni er alla jafna deilt í nauðsynlegt magn og einingarkostnað. Fyrir vinnu er alla jafna deilt í nauðsynlegar vinnustundir og tímagjald sem innifelur hlunnindi og skatta.

“budget”

A planned allocation of resources. The planned cost of needed material is usually subdivided into quantity required and unit cost. The planned cost of labor is usually subdivided into the workhours required and the wage rate (plus fringe benefits and taxes). (November 1990)

„fjárhagsrammi“

Heimilað viðmið til að ná markmiðum verkefnis, jafnan útlistað sem magn, vinnustundir eða kostnaður.

“budget”

Authorized target for project achievement, usually expressed in terms of quantities, manhours or costs.

„þroskastig“

Verkefnisskilgreiningarstigið skilgreinir þroska eða umfang og gerð aðgengilegra forsenduupplýsinga fyrir áætlunarferlið. Þess háttar forsendur innifela skilgreiningar á umfangi verkefnis, forsendugögn, skilgreiningar verkefnisáætlana, mæligögn og aðrar afurðir og upplýsingar sem verður að útbúa til að skilgreina verkefnið. Hvert iðnaðar-/fagsvið mun hafa einkennandi sett af skilgreinandi skilagögnum sem notuð eru til að styðja þær gerðir áætlana sem notaðar eru innan þess iðnaðar-/fagsviðs. Sett skilgreininganna verða ítarlegri og heilstæðari eftir því sem stig verkefnisskilgreininga (t.d. verkfræðihönnun) vindur fram.

“maturity level”

hugtak ekki skilgreint í 10S-90

The level of project definition defines maturity, or the extent and types of input information available to the estimating process. Such inputs include project scope definition, requirements documents, specifications, project plans, drawings, calculations, lessons learned from past projects, reconnaissance data, and other deliverables and information that must be developed to define the projects. Each industry will have a typical set of defining deliverables that are used to support the type of estimates used in that industry. The set of deliverables becomes more definitive and complete as the level of project definition (e.g. project engineering) progresses.